

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. desember 4. bréf

Frá skólastjórnendum

Það styttist óðfluga í jólin og að vanda verður ýmislegt gert til tilbreytingar síðustu dagana fyrir jólafrí. Nemendur fara m.a. í heimsóknir á Minjasafnið, í Gleráarkirkju og einnig verður spilað og eitthvað fönðrað á öllum stigum.

Við ætlum að prófa nýtt fyrirkomulag á litlu jólnum þetta árið og halda þau á sama tíma fyrir alla.

Nemendur og umsjónarkennarar munu að venju hittast í bekkjarstofun og eiga notalega stund saman og fara fram í sal og hlýða á 6. bekkinga flytja helgileik. Síðan munu allir safnast saman inn í íþróttahúsinu og ganga í kringum jólatréð áður en haldið er í jólafrí.



Helstu viðburðir í desember

- 10.-20. des. Lesið úr nýjum bókum á bókasafninu
- 20. des Litlu jólin og jólafrí hefst
- 23. des. Frístund opin
- 27. des Frístund opin
- 30. des. Frístund opin
- 7. janúar Nemendur mæta í skólann að loknu jólafrí

Fréttir frá bókasafninu



Við viljum kynna fyrir ykkur ferðaljónin okkar. Þetta eru tveir ljónshvolpar og þá langar svo mikið í ferðalag. Ef einhverjir nemendur eru að fara í ferðalag þætti þeim mjög gaman að fá að fara með. Þeir eiga lítinn bakpoka og bók til að skrifa einhverjar ferðasögur í. Þeir ferðast hvor í sínu lagi og ætla að segja hvor öðrum og nemendum ferðasögurnar sínar.

Ef einhverjir hafa áhuga á að fá ferðaljón, sem á bakpoka og ferðabók til að skrifa í, lánaða í lengri eða styttri ferðir þá bíða þeir eftir ykkur á bókasafninu ☺

Einnig óskum við eftir nöfnum á þessi flottu ferðaljón. Hugmyndum má skila á bókasafnið næstu daga.

Allar nánari upplýsingar má nálgast hjá Guðrúnu á bókasafninu.

Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen



PALS = Pör að lesa saman

Í haust fóru um 15 kennarar úr Síðuskóla á námskeið þar sem þeir lærðu að beita PALS lestraraðferðinni. Nú er hún notuð í flestum bekkjardeildum.

En hvað er PALS? Sigrún Ásmúsdóttir leiðtogi í PALS innleiðngu í Síðuskóla tók saman pistilinn hér fyrir neðan.

PALS kennsluáðferðin (Peer-Assisted Learning Strategies) hefur fengið íslenska heitið Pör að læra saman. Hún er margþætt og var þróuð til að bæta lesskilning nemenda á yngsta- og miðstigi grunnskóla þar sem jafningjaaðstoð er lykilatriði. PALS beinist að því að kenna nemendum ákveðna aðferð til að vinna með lesskilning til að hjálpa þeim að skilja alla texta sem þeir lesa.




PALS aðferðin samanstendur að þremur grunnþáttum þar sem tveir einstaklingar með misjafna færni í lestri vinna saman í paravinnu. Sá sem hefur betri lestrarfærni er þjálfari en hinn er lesari. Nemendur lesa til skiptis í 5 mínútur. Sá getumeiri les fyrst og er fyrirmynd fyrir hinn. Eftir 5 mínútna lestur tekur hinn við og les sama kaflann aftur í 5 mínútur. Eftir þessar 10 mínútur er endursögn en þá endursegir slakari lesarinn kaflann. Sterkari lesarinn er þjálfarinn og leiðbeinir hinum með því að nota leiðbeiningaspjald og segir „Hvað gerðist fyrst?“, „Hvað gerðist næst?“ Þessi hluti tekur um 2 mínútur.

Næst er að draga saman efnisgrein. Nemendur vinna áfram í pörum og nú les annar eina málsgrein fyrir hinn og endursegir síðan aðalatriðin sem fram komu í málsgreininni. Síðan les hinn og gerir eins.

Í þriðja og síðasta hluta aðferðarinnar er unnið með forspá. Þá er lestrinum haldið áfram og unnið með stærri hluta af textanum og ný vinnubrögð.

PALS aðferðin krefst þess að kennarinn kenni nemendum einstaka þætti aðferðarinnar í byrjun svo sem að finna aðalatriði texta, draga saman efni hans og að spá fyrir um efni hans áður en byrjað er að lesa. Einnig læra nemendur að spyrja og leiðbeina félaganum og hvernig þeir eiga að haga sér eftir því hvort þeir eru í hlutverki lesara eða þjálfara. Síðar verður hlutverk kennarans að fylgjast með vinnunni og aðstoða nemendur eftir þörfum, hvetja og hrósa og gefa stig fyrir góða frammistöðu. Talað er um að æskileg tímalengd fyrir vinnu með PALS aðferðina sé 40 mínútur á dag þrjá daga í viku í 16 vikur.



Úr skólalífinu



Þær Arnfríður Jóhannsdóttir og Erna Björg Guðjónsdóttir standa vaktina í kennslueldhúsinu í Síðuskóla. Arnfríður hefur unnið í Síðuskóla frá árinu 1988 eða í 25 ár og er menntuð frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands. Arnfríður kennir nemendum í 1., 2., 6., 8. og heimilisfræðival.

Erna Björg er lærður matreiðslumaður, með meistaraáttindi og próf í uppeldis- og kennslufræðum. Erna kennir 3., 4., 5., og 7. bekk og sinnir auk þessa stuðingskennslu. Alltaf góður ilmur í eldhúsinu hjá þeim stöllum.



Mikilvægt er að heimilisfræðin taki mið af umhverfissjónarmiðum og veiti innsýn í vistfræði og glæði áhuga á umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum. Einnig er mikilvægt að nemendur verði upplýstir neytendur og læri að velja matvörur og aðrar neysluvörur með því að lesa á umbúðir og vera gagnrýnir á auglýsingar og upplýsingar sem þeim berast frá umhverfi og fjölmiðlum. (Aðalnámskrá grunnskóla/2011)

HEIMILISFRÆÐI

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. (Aðalnámskrá grunnskóla 2011)




Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir. Heimilisfræði er að upplagi verkgrein og í henni eru órjúfanleg tengsl milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl er mikilvægt að samþætta kennslu í matreiðslu og næringarfræði. (Aðalnámskrá grunnskóla/2011)



ÞEMADAGAR 2013

Þemadagar voru í skólanum dagana 26. og 27. nóvember.

Þema þessa árs var valið af nemendum og voru það **draugar** sem urðu fyrir valinu. Nemendur unnu ýmis „draugaverkefni“ s.s. teikna, leira, perla og sauma drauga. Skottur og mórar unnu saman hlið við hlið og fræddust um Djáknann á Myrká og fleiri fræga drauga. Nemendur á unglíngastigi settu upp draugahús í kjallaranum sem mikill spenningur var fyrir. Dagarnir tókust vel og vonum við að öllum hafi tekist að sofa vært og rótt þrátt fyrir allt.



Skólanámskrárvinna

Vinnu við endurskoðun skólanámskrárinnar miðar í rétta átt.

Kennarar vinna í hópum og hafa tveir þeirra lokið störfum og munu því vinna með hinum við það sem eftir er. Um leið og þetta fer fram erum við að skoða og íhuga hvaða leið við ætlum að fara varðandi nýja framsetningu námsáætla og námsmats. Þar koma hugtökin færni, hæfni og lykilhæfni, hæfniviðmið og matsviðmið mikið við sögu sem og hvernig við getum haft námsmatið sem fjölbreyttast, heiðarlegast og samngjarnast.



SPURNINGAKEPPNI Á UNGLINGASTIGI

Hin árlega spurningakeppni í 8.-10. bekk fór fram í dag þann 29. nóvember. Þetta er árlegur viðburður unglिंगadeildinni en fyrsta keppnin var haldin árið 1998 en það mun vera fæðingarár 10. bekklinganna okkar. Þegar farið var af stað með fyrstu keppnina var hugmyndin sú að hafa uppbrot í skólastarfinu í tilefni af 1. desember og hefur keppnin verið haldin þann dag eða í kringum hann ef 1. desember ber upp á helgi. Síðustu árin hefur 7. bekkur verið með í stuðningsliði.

Keppnin í ár var bæði jöfn og skemmtileg sem að lokum endaði með því að 10. bekkur stóð uppi sem sigurvegari og hélt titlinum frá því í fyrra en þá vann 9. bekkur. Keppendur og áhorfendur skemmtu sér mjög vel og voru til fyrirmyndar. Allir keppendur fengu viðurkenningaskjöl, sigurliðið fékk gjafbréf á Greifann og bikar en á hann er grafið nafn sigurliðsins og hann geymdur í skólanum.



MATUR OG NÆRING**Ráðleggingar Lýðheilsustöðvar:**

- Grænmeti og ávextir daglega
- Fiskur – a.m.k. tvisvar í viku
- Gróft brauð og annar kornmatur daglega
- Fituminni mjölkurvörur
- Olía og mjúk fita í stað harðrar fitu

Frh.

- Salt í hófi
- Lýsi eða annar D-vítamíngjafi
- Vatn er besti svaladrykkurinn
- Borðum hæfilega mikið
- Hreyfum okkur rösklega á hverjum degi

MATSEÐILL – Desember 2013

2.	3.	4.	5.	6.
Fiskur í ofni, kartöflur og ferskt grænmeti, ávextir	Slátur, kartöflumús, ávextir	Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og rúgbrauð, ávextir	Pítur m/hakki, grænmeti, sósa	Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
9.	10.	11.	12.	13.
Kjötfars í ofni, kartöflur, rauðkál, grænmeti og sósa	Steiktur fiskur, kartöflur, laukur, sveppir og grænmeti, ávextir	Pasta, heitar sósur, salatbar	Jólamatur	Kakósúpa, tvíbökur, grænmeti, ávextir
16.	17.	18.	19.	20. des.
Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrysósa, ávextir	Kjötsúpa	Krebinettur, kartöflur, laukur, grænmeti	Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, ávextir	Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð